

Fyrirspurn

**til fjármála- og efnahagsráðherra um tölfræði
um tekjur fólks eftir þjóðerni, eignir o.fl.**

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Heldur íslenska ríkið tölfræði um framlag fólks til hins opinbera eftir þjóðerni líkt og dönsk stjórnvöld gera með *Det Nationale Integrationsbarometer*? Ef svo er ekki, hefur ráðherra í hyggju að taka saman slíka tölfræði?
2. Heldur íslenska ríkið tölfræði um útgjöld hins opinbera til fólks eftir þjóðerni líkt og dönsk stjórnvöld gera með *Det Nationale Integrationsbarometer*? Ef svo er ekki, hefur ráðherra í hyggju að taka saman slíka tölfræði?
3. Heldur íslenska ríkið tölfræði um þróun ráðstöfunartekna og eigna og skulda eftir þjóðerni líkt og dönsk stjórnvöld gera með *Det Nationale Integrationsbarometer* og samþærilegt því sem gert er á vefsíðunni tekjusagan.is? Ef svo er ekki, hefur ráðherra í hyggju að taka saman slíka tölfræði?

Skriflegt svar óskast.
